

Fyrsti fundur minjaráðs Suðurnesja var haldinn föstudaginn 27. febrúar 2015 í Eldey, húsnæði frumkvöðlasetursins á Ásbrú.

Minjaráðið var fullskipað en í því sitja eftirtaldir fulltrúar:

Helga Ragnarsdóttir, formaður Minja- og sögufélags Vatnsleysustrandar

Eggert S. Jónsson, verkefnastjóri hjá Reykjanes Geopark

Eydís Mary Jónsdóttir, staðgengill forstöðumanns Þekkingarseturs Suðurnesja

Eyrún Helga Ævarsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Garðskaga

Eysteinn Eyjólfsson, varabæjarfulltrúi hjá Reykjanesbæ

Kristinn Magnússon, starfsmaður Minjastofnunar Íslands

Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar

Kristinn kynnti starfsemi Minjastofnunar Íslands og helstu ákvæði laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem stofnunin starfar eftir. Landinu er skipt í 8 minjasvæði og á hverju minjasvæði starfar minjaráð. Í 10. gr. laga um menningarminjar er fjallað um minjaráð. Þar segir: *Minjaráð er samráðsvettvangur hvers minjasvæðis sem ætlað er að fjalla um menningarminjar, varðveislu þeirra og nýtingu í þágu samfélagsins í samráði við Minjastofnun Íslands og höfuðsöfn sem skilgreind eru samkvæmt safnalögum, svo og önnur helstu söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja.*

Minjaráð getur því fjallað um hvaðeina sem lítur að minjavörslu á sínu svæði. Það er hverju minjaráði í sjálfsvald sett hvernig það nálgast verkefni sitt og á hvaða þætti innan minjavörslunnar það leggur áherslu á.

Minjasvæði Suðurnesja nær yfir fimm sveitarfélög, Grindavík, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Sveitarfélagið Garð og Sveitarfélagið Voga. Svæðið hefur í opinberri umfjöllun hingað til verið kallað minjasvæði Reykjanes en það var eindregin vilji fulltrúa í ráðinu að notað verði nafnið minjasvæði Suðurnesja.

Á fundinum var farið yfir hugmyndir sem fram hafa komið um verkefni sem minjaráð geta unnið að. Nokkur umræða varð um verkefnin en ljóst er að fulltrúar í minjaráði Suðurnesja þurfa tíma til að móta hugmyndir sínar um hvað brýnast er að leggja áherslu á í framhaldinu. Samhljómur var þó meðal fundarmanna um að mikilvægt er að leggja áherslu á að kynna íbúum svæðisins þann menningararf sem Suðurnesin búa yfir. Gæti orðið hluti af því að efla sjálfsmynd íbúa Suðurnesja og ímynd landshlutans í menningarsögulegu samhengi. Fram kom að nú er unnið að sóknaráætlun fyrir Suðurnesin og að þessi hugsun falli vel að þeim hugmyndum sem þar hafa verið til umfjöllunar.

KM